



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Máltaka ættleiddra barna

*Samanburður á hefðbundinni máltöku barna og máltöku
ættleiddra barna*

Ritgerð til B.A.-prófs

Gerður Guðjónsdóttir

Maí 2010

Háskóli Íslands
Íslensku-og menningardeild
Almenn málvísindi

Máltaka ættleiddra barna

*Samanburður á hefðbundinni máltöku barna og máltöku
ættleiddra barna*

Ritgerð til B.A.-prófs

Gerður Guðjónsdóttir

Kt.: 171284-2289

Leiðbeinendur: Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Símonardóttir

Maí 2010

Ágrip

Í þessari ritgerð verður fjallað um máltöku ættleiddra barna af erlendum uppruna og hún borin saman við máltöku barna fæddra í landinu. Í hefðbundinni máltöku ganga börn í gegnum svipuð stig við tileinkun móðurmáls síns. Það sem skilur að máltöku ættleiddra barna og hefðbundna máltöku er það rof sem verður á máltöku ættleiddra barna við ættleiðingu. Settar eru upp tvær rannsóknarspurningar. Hver er munurinn á eðlilegri máltöku og máltöku ættleiddra barna af erlendum uppruna og hefur aldur ættleiðingar áhrif á máltöku ættleiddra barna.

Í ljós kom að lítill munur er á hefðbundinni máltöku barna og máltöku ættleiddra barna. Það sem skilur að er að erlend ættleidd börn læra nýtt mál við komu til nýs lands. Klippi er þá á máltöku sem átti sér stað í heimalandi þeirra og ný máltaka hefst. Mörg börn þegja fyrstu vikurnar við komu til nýs lands en nokkrum vikum eða mánuðum seinna eru þau flest farin að mynda orð og setningar. Með markvissri málörvun frá foreldrum gengur flestum ættleiddum börnum vel við nýja máltöku. Ákveðin atriði verður þó að hafa í huga þegar kemur að máltöku þeirra, en þau skilja t.d. það sem sagt er við þau mun bókstaflegra en börn sem alast upp við hefðbundna máltöku.

Aldur ættleiðingar getur haft áhrif á máltöku barna en því fyrr sem þau eru ættleidd því betur gengur máltakan. Í ritgerðinni er einnig fjallað um áhrif stofnanavistar á málþroska barna en oftast er það vegna lítillar örvunar sem máltöku þeirra seinkar. Gerð var samanburðarrannsókn á málþroska þriggja kínverskra ættleiddra stúlkna og málþroska þriggja íslenskra stúlkna á sama aldri og fæddra á Íslandi. Í ljós kom að lítill sem enginn munur var á málþroska þessara tveggja hópa en mælingar áttu sér stað þegar stúlkurnar voru 3;6 árs gamlar.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Efnisyfirlit	2
1.0. Inngangur	3
2.0. Máltaka barna	5
2.1. Hljóðþróun	7
2.2. Fyrstu orðin	9
2.3. Frávik í máli barna frá máli fullorðinna	11
3.0. Máltaka ættleiddra barna á nýju móðurmáli	13
3.1. Áhrif stofnanavistar á máltöku fyrsta máls	15
3.2. Rannsókn Sharon Glennen og fleiri rannsóknir	16
3.3. Frávik í málþroska á nýju móðurmáli	21
3.4. Daglegt mál og skólamál	25
4.0. Rannsókn á ættleiddum börnum á Íslandi og börnum fæddum á Íslandi	27
4.1. Gögn til grundvallar	28
4.2. Niðurstöður á EFI: Samanburður ættleiddra stúlkna erlendis frá við jafnaldra sína fædda og uppalda á Íslandi	29
5.0. Umræða	32
6.0. Lokaorð	33
Heimildaskrá	35

1.0. Inngangur

Áhuginn á efninu kviknaði á fyrirlestri Ingibjargar Símonardóttur talmeinafræðings sem höfundur hlýddi á í Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum þar sem fjallað var um máltöku fyrirbura. Í lok fyrirlestrarins voru borin saman máltökuskilyrði fyrirbura og ættleiddra barna. Fyrirburar eyða oft fyrstu mánuðunum í hitakassa og eiga í takmörkuðum samskiptum við fullorðna einstaklinga. Það sama á við um munaðarlaus börn á stofnunum sem eyða mestum tíma dags á fyrsta ári í rúmi sínu og eiga í litlum samskiptum við fullorðna nema þegar þeim er gefið að borða eða þau eru þrífín. Eftir fyrirlesturinn fór ég að grennslast fyrir um máltöku barna ættleiddra hingað til lands en fann litlar sem engar upplýsingar.

Í þessari ritgerð verður fjallað um hefðbundna máltöku barna og máltöku ættleiddra barna af erlendum uppruna á íslensku móðurmáli. Í ritgerðinni verður gerð grein fyrir samanburðarrannsókn sem gerð var á kínverskum stúlkum ættleiddum til Íslands og stúlkum fæddum á Íslandi. Athugað var hvort að kínversku stúlkurnar væru sambærilegar þeim íslensku í málþroska við þriggja og hálfis árs aldur og niðurstöðurnar bornar saman við erlendar rannsóknir. Vonandi er rannsóknin byrjun á frekari rannsóknum á máltöku ættleiddra barna á Íslandi.

Efni ritgerðarinnar skiptist í sex kafla. Í kafla tvö er fjallað um hefðbundna máltöku barna frá hjali til myndunar setninga og gerð grein fyrir mismunandi stigum sem flest börn ganga í gegnum fyrstu árin á máltökuskeiðinu. Fjallað er um hljóðþróun, hvernig börn byggja upp orðaforða sinn og setningamyndun barna. Frávik í máli barna frá máli fullorðinna eru einnig rædd í lok kaflans. Í þriðja kafla er fjallað um máltöku ættleiddra barna á nýju móðurmáli. Rætt er um áhrif stofnanavistar og annarra félagslegra þátta á hversu vel máltakan gengur. Máltaka ættleiddra barna er frábrugðin hefðbundinni máltöku að því leyti að rof verður á máltöku þeirra við ættleiðingu og þau þurfa að hefja hana að nýju. Einnig verður fjallað um rannsóknir bandaríska talmeinafræðingsins Sharon Glennen á máltöku barna ættleiddra frá Austur-Evrópu á ensku sem nýju móðurmáli. Í kaflanum er einnig rætt um einkenni sértækra málþroskaraskana sem upp kunna að koma hjá ættleiddum börnum og áhrif þessara raskana á síðari skólagöngu. Sumir fræðimenn vilja skipta málfærni ættleiddra barna í tvo flokka, daglegt mál og

skólamál. Í lok kaflans er fjallað um þessa flokka en skólamál er t.d. færni að taka við skilaboðum frá kennara og nota máltilfinningu og rökhugsun sína við að leysa stærðfræðiþrautir. Daglegt mál er hins vegar það mál sem börnin nota í daglegum samskiptum við foreldra og vini. Einnig eru nefnd nokkur atriði sem gott er að hafa í huga í sambandi við málörvun fyrir börnin. Í fjórða kafla er fjallað um samanburðarrannsókn höfundar á niðurstöðum málþroskaskimunar þriggja stúlkna, þriggja og hálfis árs að aldri, sem ættleiddar voru frá Kína, og þriggja stúlkna á sama aldri af íslenskum uppruna. Í fimmta kafla eru umræður og í sjötta kafla lokaorð.

2.0. Máltaka barna

Máltaka er ferli sem heilbrigð börn ganga í gegnum við tileinkun móðurmáls síns í æsku (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Lítil börn ná flest valdi á móðurmáli sínu á skömmum tíma án nokkurar áreynslu og eru orðin altalandi við 5-6 ára aldur.

Mikill munur er á því að tileinka sér móðurmál sitt í æsku og að læra erlent mál í skóla sem unglingur. Það tekur mörg ár að ná valdi á erlendu tungumáli og fæstir nemendur ná sama valdi á því tungumáli og móðurmálinu sem þeir lærðu í æsku þrátt fyrir mikla vinnu. Málkunnáttufræðingar gera ráð fyrir að börn komi í heiminn með ákveðna vitneskju um máltökuna og gengið er út frá því að hún sé mönnum meðfædd. Allsherjarmálfræði (e. *Universal Grammar*, UG) eru þau málfræðiatríði sem sameiginleg eru öllum tungumálum heims. Þessir ásköpuðu hæfileikar verða svo til þess að börn um allan heim feta svipaða slóð við að tileinka sér móðurmál sitt (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005).

Börn læra móðurmál sitt að mestu leyti sjálf en ekki með því að endurtaka það sem þeir fullorðnu segja (Sigríður Sigurjónsdóttir 2000). Leiðréttingar hinna fullorðnu á máli þeirra hafa lítið að segja á máltökuskeiðinu og svo virðist sem börn hafi frá byrjun ákveðna hugmynd um ferli máltökunnar. Það sem ýtir undir þá tilgátu er að flest heilbrigð börn sama hvaða tungumál þau læra ganga í gegnum ákveðin stig í máltökufurlinu og er hvert stig bundið ákveðnum reglum. Þessi stig eru til dæmis nafnháttarstigið en þá eru flestar sagnir í setningum barna í nafnhætti sem ættu að vera persónubeygðar. Með tímanum fjölgar svo persónubeygðum sögnum barna en þó koma sagnir í nafnhætti enn fyrir í setningum barna við 2 ára aldur. Við þriggja ára aldur eru flest börn hætt að mynda sagnir í nafnhætti og stiginu líkur þegar allar sagnir barna persónubeygjast eins og í máli fullorðinna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005). Ýmis frávík er einnig að finna í framburði ungra barna og er það þá helst að þau fella burt hljóð í orði eða skipta einu hljóði út fyrir annað. Íslenskt barn á leikskólaaldri sem fylgst var með sleppti úr hljóðinu 'r' í öllum samhljóðaklössum og sagði 'ba ba' í staðinn fyrir 'bra bra'. Þegar 'r' kom fyrir í upphafi orðs skipti það hljóðinu út fyrir hljóðið 'l' og bar því orðið 'rusl' fram sem 'lutt' (Sigríður Sigurjónsdóttir 2000).

Til þess að börn læri tungumál verða þau að vera í umhverfi þar sem það er talað. Markaldur í máltöku er tímabilið frá fæðingu til kynþroskaaldurs og hafa rannsóknir sýnt að læri börn sitt fyrsta mál eftir kynþroskaaldur nái þau aldrei

fullu valdi á málinu og geti til dæmis ekki lært málfræði málsins. Ef barn lærir móðurmál sitt eftir kynþroskaaldur er sagt að það hafi ekki neitt móðurmál. Heyrnarlaus börn sem lærðu táknmál eftir kynþroskaaldur áttu í erfiðleikum með málfræði málsins, beygingar- og setningafræði þess. Sama má segja um heyrandi börn en stúlka að nafni Genie sem fannst þegar hún var 13 ára árið 1970 í Los Angeles ótalandi náði aldrei tökum á móðurmáli sínu (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Foreldrar tala á sérstakan hátt við börn sín fyrstu mánuðina í lífi þeirra. Á ensku er það kallað *motherese* og er það hugtak yfir þennan sérstaka talsmáta foreldra við barn sitt. Það sem einkennir þennan talsmáta er að foreldrar og aðrir umönnunaraðilar beita rödd sinni hærra, þeir horfast í augu við barnið á meðan þeir tala við það og munnhreyfingar eru ýktar (Gleason 2005). Rannsókn sem gerð var á fjögurra mánaða gömlum ungbörnum sýndi að börn kjósa frekar að hlusta á mæðramál (*e.motherese*) en venjulegt tal með lægri tónhæð (Fernald 1985). Ekki tala allir foreldrar á þennan hátt við börn sín og í sumum löndum er ekki siður að tala við börn fyrr en þau eru orðin nógu gömul til að svara (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Þó að rannsóknir sýni að flest börn læri móðurmál sitt að mestu leyti sjálf, hafi meðfædda hæfileika til að tileinka sér móðurmál sitt og gangi í gegnum sömu máltökuþrepin, eins og framburðarfrávik og nafnháttarstigið, þá má ekki gleyma því að samskipti við annað fólk eru börnum nauðsynleg til þess að ná góðu valdi á málinu. Börn læra ekki móðurmál sitt án samskipta við annað fólk. Þó apa börn ekki eftir fullorðnum þar sem þau mynda t.d. setningar eins og *Kisa ekki finna* og *Ég er með tvo fótur* sem enginn fullorðinn segir. Þrátt fyrir leiðréttingar fullorðinna verða börnin sjálf að átta sig á málvillunum til þess að færast á milli stiga í máltökunni (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Ef mikið er talað við börn á máltökuskeiðinu auðveldar það þeim máltökuna. Það eykur orðaforða þeirra, bætir þau sem málnotendur og tengslamyndun á milli barns og umönnunaraðila verður einnig meiri (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001, Gleason 2005).

2.1. Hljóðþróun

Talið er að börn byrji að læra mál að einhverju leyti strax við fæðingu. Boðskiptin á milli foreldra og barna fyrstu vikunnar einkennast af orðum af hálfu hinna fullorðnu og á móti hjalar og brosir barnið eða sýnir ýmis svipbrigði. Ef tekið er mið af þeirri skilgreiningu að mál sé að geta sent frá sér boð eða kröfu um svar byrjar barn að nota mál við fæðingu. Sé hins vegar miðað við þá skilgreiningu að barn byrji að tala þegar það noti orð, röð hljóða um sama fyrirbærið eða í sama tilgangi nokkrum sinnum þá má segja að barnið byrji um eins árs aldur að mynda fyrstu orðin (Sigurður Konráðsson 2000:157-158). Fyrstu vikunnar heyrir grátur og nöldurhljóð frá barninu þegar eitthvað angrar það en strax um 4-6 vikna aldur byrjar barnið að hjala og myndar þá stök sérhljóð og samhljóð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:7). Um fimm til sex mánaða aldurinn byrja börn að tengja saman hljóð og eru það ávallt opnustu og lokuðustu hljóðin sem börn tengja saman. Samhljóða- og sérhljóðapörin „*da-da*“ „*ba-ba*“ og „*di-di*“ eru algeng hljóð á babblskeiðinu. Svo fara hljóðastrengirnir að heyrast sem samstæðurnar „*dada*“ og „*baba*“ (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001; Gass og Selinker 2001). Við 10 mánaða aldur verður breyting á hjali barna og þau fara að mynda atkvæðarunur sem innihalda ekki alltaf sama sérhljóðið og samhljóðið, t.d. mynda þau oft atkvæðin „*am*“ „*mam*“ og „*dadi*“ (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:7). Á fyrstu mánuðunum gegna hjal og babbl mikilvægu hlutverki í máltöku og samskiptum barnsins við fullorðna. Barnið gerir sér grein fyrir því að það fær svörum við hljóðunum sem það gefur frá sér og örvast við það (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:28-31).

Hljóðskynjun barna er önnur en fullorðinna. Börn fæðast með áskapaðan hæfileika til að greina í sundur ákveðin hljóð og gera greinarmun á mismunandi sérhljóðum og samhljóðum sem tilheyra ekki móðurmáli þeirra (Boysson-Bardies 1999). Skynjun ungbarna á mun ákveðinna hljóða helst til 10-12 mánaða aldurs. Við þann aldur hefur hljóðskynjun þeirra mótast af móðurmáli þeirra sem gerir það að verkum að þau skynja ekki lengur mun ákveðinna hljóða sem finnast ekki í móðurmáli þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Rannsókn sem gerð var á 6-8 mánaða gömlum börnum sem höfðu ensku að móðurmáli sýndi að þau gerðu greinarmun á hljóðum sem notuð voru í indversku málunum hindi og salish en fundust ekki í móðurmáli þeirra. Við 10-12 mánaða aldur skynjuðu þau ekki lengur mun á þessum hljóðum og virðist reynsla þeirra af móðurmálinu valda því

(Gleason 2005:44). Annað dæmi um meðfædda hljóðskynjun er að japönsk ungbörn sem ekki höfðu náð sex mánaða aldri greindu mun á hljóðunum /l/ og /r/, en það er afbrigði sama hljóðansins í japönsku. Við 6-12 mánaða aldur skynjuðu japönsku börnin ekki lengur mun á þessum samhljóðum og var skynjun þeirra því orðin eins og fullorðinna Japana. Reynsla ungbarna af tungumáli hefur því áhrif á hæfileika þeirra á unga aldri til að aðgreina mismunandi hljóð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001; Gleason 2005:38).

Þróun hljóðmyndunar barna er ferli sem er frá hinu almenna til hins sérhæfða. Börn geta myndað öll hugsanleg málhljóð við upphaf máltöku og má heyra rödduð lokhljóð í hjali íslenskra barna þó svo að það tilheyri ekki íslenska hljóðkerfinu. Hljóð eins og nefhljóð og hljóðið /h/ eru algeng í hjali barna um allan heim. Þegar börn byrja að hjala heyrast stök sérhljóð og samhljóð. Eftir því sem líður á hjalstigið tileinka börn sér hljóðkerfi móðurmáls síns og hefur hljóðþróun barna verið líkt við stundaglas. Í upphafi hjalstigsins mynda börn hin ýmsu hljóð og eins og komið hefur fram tilheyra sum þeirra ekki móðurmáli þeirra. Þeim fækkar svo eftir því sem líður á hjalstigið og að lokum nota þau aðallega hljóð sem tilheyra hljóðkerfi móðurmáls þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002). Fyrstu orðin eru yfirleitt mynduð úr fáum hljóðum en svo fjölgar hljóðunum aftur. Því virðist sem börn þurfi að tileinka sér og læra málhljóð móðurmáls síns að nýju við myndun fyrstu orða (Goodluck 1991). Rannsóknir sýna að hljóðin sem börn nota við myndun fyrstu orða megi heyra í hjali þeirra og tengjast því hjal og fyrsta orðmyndun barna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:8).

Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að fyrstu orð barna eru yfirleitt mynduð úr nefhljóðunum /m/ og /n/, órödduðu lokhljóðunum /p/ og /t/ og sérhljóðinu /a/ (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:8). Ástæðan fyrir vali barna á fyrstu hljóðunum er ekki tilviljun háð heldur virðist það vera svo að þau tileinki sér ekki ákveðin hljóð fyrr en önnur hafa verið lærð. Þau læri ekki stök hljóð heldur aðgreinandi þætti hljóða. Andstæðuhljóðin varamæltu nefhljóðið *m* og varamæltu munnhljóðið *p* eru yfirleitt fyrstu samhljóðin sem börn læra. Næsta andstæðupar er varamæltu hljóðið *p* og tannbergsmæltu hljóðið *t*. Í framhaldi af því greina þau svo oft að varamæltu og tannbergsmæltu samhljóðin *m* og *n*.

Þegar börn hafa náð 8-10 mánaða aldri breytist hjalið á þann hátt að atkvæðin verða fleiri og flóknari og og hljóðastrengir barna farnir að líkjast orðum

fullorðinna. Við eins árs aldur eru börn farin að gera sér grein fyrir merkingarhlutverkum máhljóða og fara þá að endurtaka hljóðstrengi sem bera ákveðna merkingu (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

2.2. Fyrstu orðin

Við eins árs aldur mynda flest börn sín fyrstu orð. Aldur barna er hins vegar ekki alltaf góður mælikvarði á málþroska þeirra. Sum börn eru seinni til tals en önnur en hins vegar ef að málþroski barna er eðlilegur ganga öll börn í gegnum svipuð stig við tileinkun málsins en ekki endilega alltaf á sama aldri (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005). Fyrstu orðin eru yfirleitt mjög einföld að gerð og aðeins eitt eða tvö atkvæði (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Orð eins og *takk* byrja börn oft að segja á þessum aldri og heyrast það oftast sem hljóðmyndunin *da* fyrst um sinn. Eftir því sem líður á eins árs aldurinn breytist *da* í *dakk* eða *gakk* en að lokum myndar barnið orðið rétt og segir *takk*. Meirihluti fyrstu orðanna eru nafnorð og hlutir sem koma við sögu í lífi barnsins. Hægt og rólega bætast atviksorð við, kveðjuorð og orð eins og *nei*, *já* og *allt-búið* við orðaforðann (Sigurður Konráðsson 2000). Orðin á eins orðs stiginu nota börn oft til að koma á framfæri óskum sínum um ákveðna athöfn. Til að byrja með nefna þau aðeins hluti sem þau sjá en eftir því sem líður á eins orðs stigið fara þau að nefna hluti sem eru ekki sjáanlegir. Fyrstu orðin eru líka oft háð samhengi og segja þau orðin aðeins við ákveðnar aðstæður. Orðin geta verið bundin ákveðnum aðgerðum barnsins þegar það leikur sér með hluti. Það segir til dæmis *halló* þegar það tekur símtól upp, *detta* þegar það hendir baðönd á gólfið úr baðkari og *sópa* þegar það sópar. Barnið notar einnig orð þegar það á í samskiptum við annað fólk og segir t.d. „*sjáðu*“ þegar það les með foreldri sínu (Fletcher og MacWhinney 1996:362-363).

Þegar orðaforði barna er orðinn um 100 orð tekur tveggja orða stigið við. Þau setja þá tvö orð saman en notast yfirleitt bara við lýsingarorð, nafnorð og sagnorð. Dæmi um setningu á tveggja orða stiginu er „*mamma koma*“ og „*pabbi skola*“. Í setningunum er sögnin oftast í nafnhætti en eftir því sem líður á máltökuna verða setningarnar flóknari og lengri og sagnir í persónuhætti taka við sögnum í nafnhætti (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Rannsóknir sem Sigríður Sigurjónsdóttir gerði á íslenskum börnum sýna að þegar börn eru eins til 2;6 ára eru þau á svokölluðu nafnháttarstigi í máltöku. Fyrsta sögn í setningum þeirra

getur þá annað hvort staðið í nafnhætti eða persónuhætti en smám saman fara setningar þeirra að líkjast setningum fullorðinna og hafa ávallt persónubeygðar sagnir (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005). Þróun spurnarsetninga hjá íslenskum börnum líkist mjög þróun spurnarsetninga erlendra barna á sama aldri. Fyrstu spurnarorð íslenskra barna eru *hvar*, *hvað* og *hver* og hafa erlendar rannsóknir (Goodluck 1991) sýnt sömu niðurstöður. Eins og áður sagði er máltaka heilbrigðra barna svipuð um allan heim og þróun spurnarsetninga þar ekki undanskilin (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Rannsóknir hafa sýnt að börn skilja fleiri orð en þau geta borið fram sjálf (Elín Þöll Þórðardóttir 1998). Þegar orðaforði barns er um tíu orð hefur það að meðaltali skilning upp á 60 orð. Þegar börn læra fyrstu orðin fjölga þeim frekar hægt fyrstu vikurnar og þau læra um það bil eitt til þrjú ný orð á viku. Þegar orðaforðinn er komin upp í 20 til 40 orð eykst orðaforðinn oft skyndilega og þá bætast við 8 eða fleiri ný orð í hverri viku. Við tveggja til tveggja og hálfis árs aldur er orðaforði barna oftast um 500 orð. En það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að börn eru misjöfn þegar kemur að máltöku og það getur tekið sum börn lengri tíma að bæta orðum við orðaforðann en önnur (Fletcher og MacWhinney 1996:362-363).

Með því að bera saman meðallengd setninga (*Mean length of utterance*) hjá börnum er hægt að skoða málþroska þeirra og hversu vel þeim gengur að tileinka sér málfræði málsins og hvort barn sé frábrugðið öðrum börnum á sama aldri í málþroska. Hins vegar segir lengd setninga ekkert til um hversu djúpan skilning þau hafa á tungumálinu (Minifie 1994). Á öðru ári verður mesta aukningin á orðaforða barna. Þau læra undirstöðuatriði málsins, setningafræði og merkingarfræði þess. Þau byrja að setja orð saman sem þau notuðu áður eitt og sér og mynda úr þeim setningu. Orð eins og *meira* og *djús* verða að setningunni *meiri djús*. Endurtekning á frösom sem þau heyra oft eins og *bless bless* og *allt búið* má oft heyra í orðaforða þeirra. Mesta breytingin verður þegar þau mynda setningu með nafnorði sem þau þekkja og nýrri sögn. Frá og með tveggja ára aldri halda þau áfram að þroskast og öðlast næmi fyrir margbreytileika móðurmáls síns þar til þau ná sama stigi eða nær sama stigi og fullorðnir í notkun tungumálsins. Og við lok þessa árs hafa þau lært það helsta sem þau þurfa á að halda í orðaforða sínum til að mynda setningar og halda uppi samræðum (Bloom 1991).

2.3. Frávik í máli barna frá máli fullorðinna

Ýmis frávik frá máli fullorðinna koma fram í máli ungra barna. Börn sem ganga í gegnum eðlilega máltöku ganga í gegnum ákveðin stig og á hverju stigi fylgja þau reglum við framburð, beygingu orða og myndun setninga. Börn tileinka sér oft reglur á ákveðnu stigi málþroskans sem eru aðrar en reglur fullorðinna. Í framburði er algengt að börn felli brott hljóð úr orði eða skipti einu hljóði út fyrir annað. Einnig má sjá samlaganir hljóða hjá börnum en þá skipta þau hljóðum út fyrir annað hljóð. Dæmi um algeng framburðarfrávik hjá íslenskum börnum eru erfiðleikar þeirra með hljóðin *r* og *s*. Yngri börn sleppa gjarnarn hljóðinu *r* úr orði og segja þá *ba ba* í stað *bra bra*, eða *bauð* í stað *brauð*. Oft skipta íslensk börn *r* hljóðinu út fyrir hljóðin *ð*, *l* eða *j* og segja t.d. *þass* í staðinn fyrir *rass* eða *lutt* í staðinn fyrir *rusl*. Orsök þessa hljóðarugls þeirra þegar um hljóðaskipti er að ræða með hljóðin *l* og *r* gæti verið að þessi tvö hljóð eru hljóðkerfisfræðilega lík og eru mynduð á svipuðum stað í munninum (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002). Algengasta skiptihljóðið hjá börnum fyrir *s* og *r* er *þ* og samkvæmt rannsóknum Þóru Másdóttur (2008) höfðu börn á aldrinum 3;4 ára ekki náð framburði þessara hljóða rétt (Þóra Másdóttir 2008). Hins vegar virðist vera regla á því hjá börnum hvenær þau beita brottfalli og hvenær hljóðaskiptum. Þegar *s* stendur á undan lokhljóði eins og í *stelpa* og *deppa*, og *skór* og *gór* þá sleppa börn *s* hljóðinu. En þegar *s* kemur fyrir stakt í upphafi eða enda orðs þá er því oftast skipt út fyrir hljóðið *þ* og segja börn þá *þigga* í stað *Sigga* og *dúp* í staðinn fyrir *djús* (Benedikt Jóhannesson, Indriði Gíslason og Sigurður Konráðsson 1986). Börn eiga það til að samlaga samhljóðaklasa þegar *m,n,r,l,s,ð* eru fyrra hljóðið og *p,t,k* það seinna. *Bolti* yrði þá *botti*, og *lampi* yrði *lappi* (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002). Samhljóða-sambönd geta reynst börnum erfið í framburði. Slík sambönd er að finna í íslensku eins og t.d. */strj-/* í *strjúka*, */-rsl/* í *versla* og */-lkn/* í *tálkn*. Börn einfalda oft framburð samhljóðasambanda með því að sleppa t.d. fyrsta hljóðinu í orðum á borð við *spil*, *stóll* og *skóli* (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson 1993:61).

Þegar börn tileinka sér beygingu orða gerist það á reglubundinn hátt. Fyrstu beygingarmyndir barna eru í flestum tilfellum réttar og er til dæmis þátíðarmyndin 'datt' ein af fyrstu sögnum margra íslenskra barna. Á þriðja aldursári taka þau að alhæfa algengustu beygingarendingu þátíðar, veika beygingu sem endar á '-aði' og

segja *'dettaði'*. Á næsta stigi tileinka börn sér þátíðarendingar *'-di'* og *'-ti'* og má þá til dæmis heyra þau nota veiku endinguna *'ti'* í *hlaupti* og *'di'* í *saumdi*. Eftir það stig læra þau svo sterka beygingu sagna og aðrar óreglulegar beygingar. Að lokum taka þau upp réttar beygingarendingar en það ferli tekur tíma og sum börn eru ekki búin að tileinka sér óreglulega beygingu sagnorða við 8 ára aldur (Sigríður Sigurjónsdóttir 2000).

Þó svo að framburðarfrávik megi oft heyra í máli barna virðast þau sjálf vita hver réttur framburður orða sé, þó þau ráði ekki við að mynda orðin rétt. Ef fullorðinn hermir eftir röngum framburði barns og segir „*Ég heiti Þigga*“ þá er líklegt að það mótmæli röngum framburði orðsins og segi „*Nei, þú heitir Þigga*“. Þessi frávik í máli barna eru hluti af máltökunni. Í eðlilegri máltöku ganga börn í gegnum ákveðin stig og fylgja eigin reglum við framburð orða, beygingu og hvernig þau raða orðum í setningar. Eftir því sem líður á máltökuna aðlagast frávik þeirra máli fullorðinna. Ef máltaka barna gengur fyrir sig á heilbrigðan hátt eru frávikin reglubundin og hverfa á endanum úr máli þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002). Að lokum skal vitna í rannsókn sem Indriði Gíslason, Jón Gunnarsson og Ásgeir S. Björnsson gerðu árið 1986 á framburði 200 íslenskra barna. Í ljós kom að aðeins 10% barnanna sem prófuð voru, eða 20 börn, áttu í einhverjum vandræðum með framburð við 4 ára aldur. Hluti þeirra barna átti enn í vandræðum með framburð orða við 6 ára aldur. Erfiðast þótti þeim að læra að bera fram hljóðin /s/ og /r/ (Benedikt Jóhannesson, Indriði Gíslason og Sigurður Konráðson 1986). Þessi rannsókn sýnir að börn eru mislengi að ná valdi á sumum máhljóðum og lengi vel er óþarfi að foreldrar hafi áhyggjur af því ef börn þeirra eru lengur en önnur börn að ná framburði orða. Eigi barn hins vegar ennþá í erfiðleikum með framburð sumra orða við fimm ára aldur ætti að leita ráða hjá sérfræðingi þar sem það getur haft áhrif á lestrarnám í skóla (Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason 1993).

3.0. Máltaka ættleiddra barna á nýju móðurmáli

Færnin til að læra tungumál er bundin líffræðilegum eiginleikum, hversu góða málfærni foreldrarnir höfðu og einnig sálrænni og félagslegri færni. Líkamleg og andleg nánd við fullorðinn einstakling gefur barni færi á að túlka ýmis áreiti sem það upplifir með sjón, heyrn, bragði og snertingu. Upplifun barnsins og það að heyra einhvern túlka áreitin með orðum eykur skilning barnsins á umhverfinu. Með samskiptum við fullorðna lærir barnið „hér og nú“ aðstæður fyrir hugtök sem endurtekin eru aftur og aftur. Upplifanir eru endurteknar og ræða börnin þær við fullorðna. Þó svo að samspil milli barna og fullorðinna sé mikilvægt fyrir börn á máltökuskeiðinu er það ekki það eina sem hjálpar til við þroskann. Börn læra málið ekki eingöngu af samskiptum við fullorðna heldur einnig af eigin upplifunum af umhverfinu. Þau verða bæði að eiga í málfarslegum samskiptum við aðra og fá að upplifa umheiminn sjálf. Þau þurfa að fá að skríða um, koma við hluti, detta, taka þátt í leikjum og rannsaka umhverfi sitt. Allt þetta örvar skynfæri þeirra og hjálpar til við málþroskann (Lagergren 2000).

Fæstir foreldrar ættleiddra barna fá tækifæri til að fylgjast með máltöku barna sinna frá fyrsta degi. Íslenskur faðir sem ættleiddi unga stelpu frá Indlandi greinir frá flugferð heim frá Indlandi með 5 mánaða gamla dóttur sína. Hjónin fengu dótturina hálf tíma áður en þau lögðu af stað út á flugvöll svo þau náðu ekki að eyða tíma með henni í fæðingarlandinu áður en haldið var heim á leið. Í flugvélinni náðu þau engu sambandi við ungbarnið en rétt hjá þeim sat indversk kona sem hafði mikið unnið með ungbörn og tengslamyndun þeirra við foreldra. Hún tók barnið í fangið og talaði við það á hindi. Andlit barnsins breyttist á meðan það var í fanginu á indversku konunni og má ætla að það hafi verið vegna þess að bæði tungumálið og útlit konunnar voru því kunnugt. Litla indverska stúlkan hafði verið á barnaheimili áður en foreldrarnir fengu hana í hendurnar. Þrátt fyrir að á mörgum barnaheimilum sé munnlegum samskiptum á milli umönnunaraðila og barna ábótavant þekkti litla barnið máhljóð eða hljómfall hindi málsins (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:85).

Eins og áður sagði eru mörg börn ættleidd á fyrstu mánuðum máltökunnar. Fram að ættleiðingu alast þau flest upp á stofnunum án mikilla mállegra samskipta við fullorðna en læra samt sem áður að þekkja eigið móðurmál og sýna það með

svipbrigðum. Flest börn sem alast upp á barnaheimilum fyrstu mánuði eða ár ævi sinnar skortir örvun og atlæti vegna þess að fáir starfsmenn þurfa að sinna miklum fjölda barna. Þrátt fyrir litla málörvun á stofnunum hafa rannsóknir sýnt að börn sem ættleidd eru fyrir 20 mánaða aldur og hafa búið við góðan líkamlegan þroska og eru við góða heilsu ættu að eiga í litlum vandræðum með máltöku nýja málsins. Hins vegar eru ávallt utanaðkomandi þættir sem geta haft áhrif á máltöku barnanna á nýja málinu eins og hversu lengi þau hafa dvalið á barnaheimilum áður en þau eru ættleidd. Margir foreldrar halda að ef þeir ættleiða barn fyrir eins árs aldur, eða áður en það byrjar að tala, þá eigi barnið ekki eftir að eiga í neinum máltökuerfiðleikum. Þetta þarf þó ekki að vera þannig. Eins og rætt var um í kafla 2.1. byrja börn að flokkamiða tal sitt frá fæðingu og fara að hjala og notast við hljóð úr sínu eigin tungumáli við babblið. Ef barnið er ættleitt inn í nýtt málsamfélag eftir sex mánaða aldur hættir það að heyra hljóð úr fyrsta tungumáli sínu og máltaka móðurmálsins stoppar. Nýtt tungumál tekur við og önnur máltaka hefst hjá barninu (Dyer 2004:183). Rannsókn Gindis á máltöku ættleiddra barna bendir til þess að börn sem ættleidd eru við 2-3 ára aldur missa móðurmál sitt niður og gleyma því töluvert hratt við máltöku nýja tungumálsins en það tekur þriggja ára barn ekki meira en 3-6 mánuði að gleyma fyrsta móðurmáli sínu ef það heyrir það ekki talað (Gindis 2004).

Í flestum tilfellum líkist móðurmálið ekki nýja nýja málinu. Kínverska og íslenska eru t.d. mjög ólík tungumál. Kínverska hefur önnur hljóð, aðra tóna og hljómfall en íslenska og Kínverjar gera ekki greinarmun á hljóðunum *r* og *l* (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:191). Margar rannsóknir benda til þess að því yngri sem börn eru við ættleiðingu því betur reiði þeim af eftir heimkomu. Hins vegar sýnir norsk rannsókn að aðstæður barna fyrstu mánuðina í fæðingarlandi þeirra eru áhrifameiri en aldur þeirra við ættleiðingu. Ef aðstæður barna eru slæmar fyrir ættleiðingu, skiptir aldur ættleiðingar máli svo barnið komist sem fyrst út úr slæmum aðstæðum (Dalen 1999:25).

Barn sem kemur til Íslands við fjórtán mánaða aldur lærir íslenskuna ansi fljótt næstu fimm mánuðina. Á sama tíma fer jafnöldrum þeirra fram í færni við að tengja merkingu við ýmis orð og í myndun orðasambanda. Sum börn þegja alveg fyrstu vikur og jafnvel upp í mánuði við heimkomu en það eru eðlileg viðbrögð segir Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur í grein sinni í bókinni *Óskabörn*. Börnin

séu að vinna úr því sem þau heyra og venjast nýja tungumálinu. Um leið og börnin treysta sér til fara þau að tala líkt og önnur börn (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:192).

3.1. Áhrif stofnanavistar barna á máltöku fyrsta máls

Ættleidd börn eiga oft í takmörkuðum samskiptum við fullorðið fólk við upphaf máltökuskeiðs og þau skortir örvun og atlæti á fyrstu mánuðum ævi sinnar eða jafnvel árum (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:187). Þau þurfa að hefja máltöku sína að nýju við komuna til kjörfjölskyldna sinna og oft koma börnin úr gjörólíku málumhverfi þar sem framburður, hljómfall og hrynjandi nýja málsins er allt annar en þess máls sem þau heyrðu áður en ættleiðing átti sér stað (Meacham 2006:74). Mikil hættu er á seinkun í málþroska hjá ættleiddum börnum og er ástæðan talin vera stofnanavistin.

Meirihluti barna sem ættleidd eru til Bandaríkjanna eru á aldrinum eins til fjögurra ára en sá tími er mikilvægt tímiskeið í máltöku barna. Hið hefðbundna máltökufæri verður óhefðbundið þar sem klippt er á máltökufæri þeirra (Meacham 2006:74). Hins vegar má ekki gleyma að 10-25% barna eiga í mismiklum málþroskaerfiðleikum á sínu móðurmáli og hefur íslensk rannsókn sýnt fram á að það sama á við um íslensk börn (Ingibjörg Símonardóttir 2006).

Bandarískar rannsóknir hafa sýnt að 88% ættleiddra barna sem koma til Bandaríkjanna hafa búið á munaðarleysingjaheimilum (Johnsons og Dole 1999) en sum lönd finna hins vegar fósturfjölskyldur handa börnunum strax. Fyrsta reynsla ættleiddra barna af máli verður því í flestum tilfellum á munaðarleysingjaheimilum. Stofnanavist eftir fæðingu hefur áhrif á þroska barna, hreyfifroska jafnt og málþroska. Mörg barnanna eru undir þyngdarmörkum við komuna til nýja heimalandsins en flest ná sér þó fljótt á strik. Seinkun málþroskans má rekja til ýmissa þátta í umhverfi barna á stofnunum. Meðal þess er lítil örvun frá fullorðnu fólki. Í flestum tilfellum eru munaðarleysingjaheimilin vel búin, börnin fá nóg af mat og vel er séð um þau en samt sem áður verður ávallt seinkun í málþroska þeirra. Þegar mörgum börnum er komið fyrir í umsjón fátækra umönnunaraðila má ávallt búast við seinkun á málþroska (Glennen 2004).

Börn sem alast upp á stofnunum eins og mörg ættleidd börn fá oft enga svörun hvorki við gráti né hjali. Því álykta þau oft að raddbeiting skili engum árangri og

hætta því að gráta eða hjala (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:190). Þau ná oft ekki að þroska samskiptahæfileikann eins og önnur börn sem alast upp hjá foreldrum sínum. Þau ná engum nánnum tengslum við fullorðinn einstakling sem hlustar á þau eða veitir þeim kost á að þroska samskiptafærni sína. Flestöll hafa misst af fyrri hluta fyrsta skeiðs málþroskans þegar foreldrar horfa yfir vöggju barna sinna, svara hjali þeirra og taka þau upp og sýna þeim umhyggju (Ingibjörg Símonardóttir 2007). Mörg hver hafa verið í afmörkuðu rými og ekki gefist kostur á að skríða um og upplifa heiminn í kringum sig og því getur rýmisvitund og líkamsþekking ekki þroskast eðlilega. Hlutir eins og tímaskynjun geta vafist fyrir börnunum þar sem veikar forsendur eru fyrir því námi á barnaheimilinu og þeim getur þótt erfitt að átta sig á tímahugtökum eins og *stutt stund* og *í lok árs*. Við ættleiðingu er barnið ekki eingöngu að koma í nýtt málumhverfi heldur er líkamstjáning oft mjög ólík á milli landa. Á Norðurlöndunum horfir fólk t.d. í augu hvers annars þegar það talar saman, en í öðrum löndum þykir það ekki við hæfi og er stundum bannað (Lagergren 2000).

3.2. Rannsókn Sharon Glennen og fleiri rannsóknir

Bandaríski talmeinafræðingurinn Sharon Glennen (2004) hefur rannsakað þroska ættleiddra barna. Hún hefur komist að því að einn mánuður á stofnun dregur barn aftur um þrjá til fjóra mánuði í andlegum og líkamlegum þroska. Það sem vakti athygli hennar var að málþroski virtist dragast mest aftur úr hjá börnum á stofnunum. Ástæðan fyrir þessari seinkun er sú að börnin skortir örvun eins og talað var um í kafla 3.1. og að við þau sé talað. Umönnunaraðilar á stofnununum eru í flestum tilfellum fáir og hafa því aðeins tíma til að sinna grunnþörfum barnanna sem snúa að því að fæða þau og klæða. Glennen tekur fram að mikilvægt sé að foreldrar ættleiddra barna séu meðvitaðir um seinkaðan málþroska og séu duglegir að örva börnin í tali og hreyfingum við heimkomu (Glennen 2004).

Eins og kom fram í kafla 3.1. skiptir aldur barna við ættleiðingu máli fyrir máltökuferli þeirra í nýju landi. Í rannsókn á ættleiddum börnum frá Austur-Evrópu kom í ljós að því yngri sem börn voru við ættleiðingu þeim mun fljótari voru þau að ná bandarískum börnum í málþroska. Við 40 mánaða aldur höfðu þau börn sem ættleidd voru eldri náð þeim börnum sem ættleidd voru yngri í

orðaforða en ekki í setningalengd. Því skiptir aldur barna við ættleiðingu máli. Því yngri sem börnin eru því betra fyrir málþroskann. Rannsókn sem gerð var á indverskum börnum sem ættleidd voru af hollenskum fjölskyldum sýndi einnig að aldur við ættleiðingu skiptir máli. Börn sem ættleidd voru fyrir tveggja og hálfis árs aldur stóðu jafnfætis börnum sem fædd voru í Hollandi í málþroska og náðu því aldursvarandi viðmiðum en börn sem ættleidd voru eldri voru lengur að ná jafnöldrum sínum í málþroska. Þriðja rannsóknin var gerð á ættleiddum börnum frá Kína til Bandaríkjanna. Þar athuguðu rannsakendur einnig tengsl aldurs barna við ættleiðingu, orðaforða og setningalengd. Börnin í rannsókninni voru ættleidd á aldrinum 3-25 mánaða og höfðu búið hjá kjörfjölskyldum sínum í 3-27 mánuði. Niðurstöðurnar voru þær að lengd dvalar barnanna hjá nýju fjölskyldunni skipti máli og eftir 16 mánuði í Bandaríkjunum höfðu þau náð aldursvarandi viðmiðum barna fæddra þar (Xing Tan og Yang 2005).

Rannsóknir Glennen á máltöku ættleiddra barna, einkum frá Rússlandi, Suður-Ameríku og Kína, hafa leitt margt áhugavert í ljós varðandi myndun fyrstu orða og setninga ættleiddra barna eftir að þau koma til kjörfjölskyldna sinna. Sjálf á Glennen tvö ættleidd börn og verður hér ein af rannsóknum hennar kynnt. Glennen gerði rannsókn á 72 ættleiddum börnum frá Austur-Evrópu. Börnunum var skipt í fjóra hópa og fór skiptingin eftir aldri barna við ættleiðingu. Markmið rannsóknarinnar var að safna upplýsingum um orðaforða, lengd setninga, málfræði og málþroska barnanna. Foreldrum voru sendar kannanir varðandi málþroska barna sinna sem þeir fylltu út á þriggja til sex mánaða fresti þangað til barnið náði 40 mánaða aldri.

Í (1)-(4) má sjá niðurstöður rannsóknarinnar og upplýsingar varðandi eðlilegan þroska máls hjá ættleiddum börnum sem læra ensku við heimkomu. Þar kemur fram við hverju foreldrar mega búast og hvað þurfi að hafa í huga varðandi máltöku þeirra. Þó svo að þessi rannsókn hafi verið gerð á börnum ættleiddum frá Austur-Evrópu sem læra ensku þá mætti hafa þessar niðurstöður til hliðsjónar eftir að barn kemur heim frá hvaða landi sem er, í hvaða málsamfélag sem er. Glennen talar um að börn ættleidd á aldrinum 14 til 20 mánaða eigi möguleika á að ná svipaðri færni í nýja tungumálinu og börn sem fædd eru þar en börn sem ættleidd eru eftir 36 mánaða aldur séu í hættu hvað varðar málþroskaerfiðleika (Glennen 2004).

(1) Málþroskaviðmið barna sem ættleidd eru fyrir 12 mánaða aldur

Börn sem ættleidd eru fyrir 12 mánaða aldur ættu að vera nokkuð fljót að byrja að tala. Meirihluti þessara barna segir fyrsta orðið á sama aldri og börn sem ekki eru ættleidd. Börn sem eru ekki byrjuð að segja fyrstu orðin við 19 til 20 mánaða aldur þurfa á aðstoð sérfræðinga að halda. Við 24 mánaða aldur ættu börnin að vera komin með orðaforða upp á 50 orð og farin að nota tveggja orða setningar. Við 24 mánaða aldur höfðu börnin í rannsókninni náð aldurssvarandi viðmiðum. Eina undantekningin var lengd setninga en ættleiddu börnin voru aðeins undir meðallagi þegar þau voru borin saman við börn fædd í Bandaríkjunum.

(2) Málþroskaviðmið barna sem ættleidd eru á aldrinum 13 til 18 mánaða

Börn sem ættleidd eru á aldrinum 13 til 18 mánaða eru oft mjög fljót að ná enskri tungu og að byrja að tjá sig á ensku. Þau byrja að nota fyrstu orðin við 20 til 22 mánaða aldur og við 24 mánaða aldur eru flest börn komin með orðaforða upp á 50 orð og eru farin að mynda tveggja orða setningar. Ef barn er ættleitt á þessum aldri og ekki komið með orðaforða upp á 50 orð eftir nokkra mánuði eða farið að segja tveggja orða setningar við 24 mánaða aldur er það líklega með seinkun í málþroska. Þó svo að börn ættleidd á þessum aldri séu oft fljót að byrja að tala málið þá verður að hafa í huga að það tekur þau lengri tíma en börn sem eru ættleidd yngri að ná jafnöldrum sínum í málþroska. Foreldrar töldu að börnin næðu ekki viðmiðum jafnaldra sinna í málskilningi og máltjáningu fyrr en á aldrinum 37 til 40 mánaða.

(3) Málþroskaviðmið barna sem ættleidd eru á aldrinum 19 mánaða til 24 mánaða

Börn sem ættleidd voru 19 mánaða voru komin með orðaforða upp á 20 orð á aldrinum 24 til 27 mánaða og tveimur mánuðum síðar var orðaforðinn komin í 132 orð. Börn sem ættleidd eru 19 mánaða gömul og ekki farin að nota nein ensk orð við 24 mánaða aldur, eru líklega með seinkun í málþroska. Ef orðaforðinn er ekki kominn upp í 50 orð við 28 mánaða aldur eru líkur á seinkun í málþroska. Við 28 til 30 mánaða aldur voru börnin farin að setja saman 2-3 orða setningar. Börn sem

ekki eru farin að segja 2-3 orða setningar við 30 mánaða aldur eiga líklega við málþroskaseinkun að stríða.

Börn sem ættleidd eru á aldrinum 19-24 mánaða voru komin með sama orðaforða og börn í hópnum á undan sem ættleidd eru á aldrinum 13 til 18 mánaða við 34 til 36 mánaða aldur. Þó svo að börn sem ættleidd eru á þessum aldri séu fljót að ná upp orðaforða eru þau á eftir jafnöldrum sínum í myndun setninga. Við 37 til 40 mánaða aldur var lengsta setning þeirra 5-6 orð, en lengsta setning barna sem ættleidd voru fyrir 18 mánaða aldur var 8-9 orð á sama aldri. Við 40 mánaða aldur voru börnin sem ættleidd voru á aldrinum 19-24 mánaða aðeins tveimur til fjórum mánuðum á eftir jafnöldrum sínum sem fædd eru í Bandaríkjunum í tungumálaskilningi. Ef börnin ná ekki þessum viðmiðum hér að ofan ættu foreldrar að leita ráða hjá sérfræðingi.

(4) Málþroskaviðmið barna sem eru ættleidd á aldrinum 25 til 30 mánaða

Börn sem ættleidd eru á þessum aldri byrja að nota ensku mjög fljótlega eftir að þau koma heim með foreldrum sínum og eru flest komin með orðaforða upp á 32 orð eftir tvo til þrjú mánuði. Ef börnin eru ekki farin að nota ensku nokkrum vikum eftir heimkomu ætti að leita ráða hjá sérfræðingi. Við 31 til 33 mánaða aldur eru börnin komin með orðaforða upp á 79,5 orð og farin að mynda 2-3 orða setningar saman. Ef orðaforðinn er ekki komin upp í 50 orð eða börnin ekki farin að mynda tveggja orða setningar við 32 mánaða aldur ætti að leita ráða hjá sérfræðingum. Við 37 til 40 mánaða aldur vex orðaforði þeirra mjög hratt og fer að nálgast aldursvarandi viðmið barna sem ættleidd eru yngri. Hins vegar virðast börn sem ættleidd eru á þessum aldri fljótari að ná upp orðaforða en annarri tungumálafærni eins og myndun setninga og málfræði (Glennen 2004).

Eins og niðurstöður þessarar rannsóknar sýna eiga börn sem ættleidd eru fyrr á máltökuskeiðinu auðveldara með máltöku nýja tungumálsins og eiga ekki í eins miklum erfiðleikum með málið. Hins vegar hafa rannsóknir einnig sýnt að börn sem ættleidd eru sem kornabörn geti átt við málerfiðleika að stríða. Slæmt líkamsástand barnanna og fjöldi tengslarofa fyrir ættleiðingu hafa slæm áhrif á máltöku þeirra. Þættir eins og örugg tengsl við fullorðna og markviss málörvun frá umönnunaraðila eftir ættleiðingu geta átt stóran þátt í velgengni barnanna eftir að þau koma til kjörfjölskyldna.

Talmeinafræðingurinn Glennen segir einnig frá því sem hún sá þegar hún sótti 19 mánaða gamla dóttur sína til Rússlands. Eiginmaður Glennen talar rússnesku svo þau höfðu gott tækifæri til að skilja það sem þau sáu á munaðarleysingjaheimilinu. Vegna aðstæðna fengu þau ekki litlu stúlkuna strax en þau heimsóttu hana á heimilið í átta daga frá klukkan níu á morgnana þangað til hún var lögð til hvílu um eftirmiðdaginn. Glennen lýsir barnaheimilinu sem björtu og hreinu heimili og að hver umönnunaraðili hafi haft 5 börn til umsjónar. Börnin voru vel nærð en þrátt fyrir það sýndi dóttir hennar vaxtarbrest. Dóttir hennar var í hópi með tíu öðrum börnum á aldrinum 14 til 23 mánaða og í þeim hópi voru tveir umönnunaraðilar fyrir öll tíu börnin. Þrátt fyrir að börnunum væri sýnd ást og umhyggja og fóstrurnar aðstoðuðu börnin við helstu þarfir þeirra var lítið talað við börnin þegar þessi samskipti við þau áttu sér stað. Hjónin punktuðu hjá sér atriði sem vöktu athygli þeirra á barnaheimilinu við umönnun barnanna sem gætu verið ástæður fyrir seinkun málþroska þeirra.

Helstu atriðin eru talin upp í (5)

(5)

- Börn voru sett saman í hópa eftir aldri og getu. Þeim var ekki leyft að leika sér við eldri börn sem hefðu getað verið þeim málþyrmynd og aukið málþroska þeirra.
- Umönnunaraðilar skiptust á vöktum og á þessum átta dögum sem hjónin fylgdust með dóttur sinni voru sjö mismunandi umönnunaraðilar á dagvakt.
- Eldri börnin voru látin borða sjálf við matarborð án allra samskipta við fullorðna. Engin tók fram hvað verið væri að borða, nefndi hnífapörin á nafn eða spjallaði við börnin á meðan á máltíðinni stóð.
- Yngri börnin sem þurftu hjálp frá umönnunaraðilum við að matast voru mötuð af fóstrunum. Hins vegar töluðu þær mjög lítið við börnin á meðan á því stóð og töluðu mest hvor við aðra.
- Þegar haldið var á börnunum var þeim oft haldið þannig að andlit þeirra snéru frá umönnunaraðilanum. Það hamlaði öllum samskiptum á milli barnanna og fóstranna. Ástæðan fyrir þessu gæti verið sú að fóstrurnar vildu ekki að börnin mynduðu tengsl við þær.

- Starfsfólk barnaheimilisins var svo upptekið við að sinna grunnþörfum barnanna að það hafði ekki tíma til að fylgjast með börnunum að leik. Þrátt fyrir að börnin gætu skriðið um leiksvæðið voru fá leikföng til staðar. Starfsfólkið hafði ekki tíma til að fylgjast með því hvort eldri börnin væru að meiða þau yngri með leikföngunum sem stundum gerðist, svo að flest leikföng sem hefðu getað aukið þroska barnanna voru fjarlægð.
- Börnin fengu aldrei að fara út fyrir svæði munaðarleysingjaheimilisins.
- Þegar fóstrurnar töluðu við börnin voru það oftast skipanir í stuttum tveggja orða setningum eins og „komdu“, „sestu“ eða „ekki gera þetta“. Á þeim 8 dögum sem hjónin fylgdust með stúlkunni sinni á heimilinu tóku þau aðeins þrisvar sinnum eftir samskiptum þar sem fóstrurnar útskýrðu eitthvað fyrir börnunum (Glennen 2002).

Atriðin hér að ofan sýna að á stofnunum vantar oft upp á örvun og samskipti við annað fólk sem eru börnum nauðsynleg á máltökuskeiðinu til þess að þau nái valdi á móðurmáli sínu (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Talmeinafræðingurinn Glennen tekur jafnframt fram í grein sinni að hún hafi ferðast til mismunandi barnaheimila í Rússlandi og þrátt fyrir að aðbúnaður sé víða góður þá verði börnin fyrir seinkun í málþroska vegna þess að þau skorti samskipti við fullorðið fólk, örvun og fyrirmynd á máltökuskeiðinu. Hún leggur líka áherslu á mikilvægi þess að börn fái að leika sér með þroskandi leikföng og eigi samskipti við utanaðkomandi umhverfi á máltökuskeiðinu eins og fram hefur komið (Glennen 2002).

3.3. Frávik í málþroska á nýju móðurmáli

Ættleiddum börnum gengur betur að tileinka sér nýtt tungumál eftir því sem undirstaða þeirra í móðurmálinu er betri. Til þess að börn læri mál verða þau að vera í umhverfi þar sem þau heyra tungumál talað (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Mannleg samskipti skipta því öllu máli fyrir heilbriggt barn sem er að læra móðurmál sitt og rannsóknir benda ekki til að börn geti lært tungumál í gegnum sjónvarp eða án allra samskipta við fullorðna (Gleason 2005). Umhverfi hefur áhrif á málþroska barna og hafa rannsóknir sýnt að þau börn sem búa við litla málörvun heima fyrir eru á eftir þeim börnum sem búa við mikla málörvun á máltökuskeiðinu (Pence og Justice 2008). Út frá málþroskasjónarmiði getur verið einfaldara fyrir kjörforeldra að fá barn til sín yngra en 1 árs heldur en 3-4 ára.

Samskipti við yngri börn eru á allt annan máta en við eldri börn. Yngri börnin þurfa hjálp við að klæða sig og þær stundir með foreldrunum eru oft lærdómsstundir sem geta haft góð áhrif á tengslamyndun. Börnin læra að sokkarnir geta verið mismunandi á litinn og litið mismunandi út en heita áfram *sokkar*. Börnin læra að „mamma“ lítur bara út á einn hátt en þegar önnur börn segja *mamma* þá eiga þau við „sína mömmu“ en ekki þeirra. Lærdómur um alhæfingar verður til hjá börnum og þau læra hvenær þau eiga að alhæfa og hvenær ekki.

Tileinkun nýja tungumálsins fyrir eldri börn er öðruvísi og er ekki víst hvernig best er að bera sig að í þeim málum. Í sumum tilfellum er málþroski þeirra kominn vel á veg og þau jafnvel farin að tjá sig á móðurmálinu þegar þau eru ættleidd. Gott væri ef kjörforeldrar öfluðu sér þekkingar um fyrsta tungumál barnsins en það gæti auðveldað barninu fyrstu vikurnar í nýja málsamfélaginu. Það fer hins vegar allt eftir því hvaðan barnið kemur og vissulega er auðveldara að tileinka sér einhvern orðaforða á spænsku eða rússnesku heldur en á tónamáli eins og kínversku og víetnömsku (Lagergren 2000). Börn sem ættleidd eru á aldrinum 25 til 30 mánaða eða eldri byrja oft mjög fljótt að nota nýja tungumálið (Glennen 2004). Þau fara að nota frasa og alls konar orðatiltæki sem eru frekar þroskuð og geta haft þau áhrif að foreldrarnir telji að börnin séu komin með betri skilning á málinu en þau eru og taka orðatiltækin sem þau nota sem merki um djúpan skilning á tungumálinu. Algengt er að sjá hjá ættleiddum börnum með tungumálaraskanir að tjáningargeta þeirra endurspeglar ekki raunverulegt vald þeirra á tungumálinu (Lagergren 2000).

Niðurstöður sænskrar rannsóknar sýna að munur er á málröskunum hjá börnum sem fæðast í Svíþjóð og börnum sem ættleidd eru til Svíþjóðar. Ættleiddu börnin hafa oft góða tjáningargetu en það endurspeglar ekki vald þeirra á innri byggingu tungumálsins. Hjá börnum fæddum í Svíþjóð er vald þeirra á innri byggingu tungumálsins mun betra en ytri byggingin. Vandamál ættleiddra barna er því meira falið. Þau skortir hugtakaskilning og getur ástæðan verið sú að tungumálanámið átti sér stað á stigi orðatiltækja og setninga frekar en á stigi orða og hugtaka. Þau hljóma vel í tjáningu, en það getur blekkt fólk í kringum þau sem trúá því að skilningur þeirra sé góður og að þau hafi náð góðum tókum á tungumálinu (Lagergren 2000:6). Framburður þeirra er betri en vald þeirra á málinu og seinkun er í málskilningi. Það sem helst er vísað í þegar rætt er um

sértæka málþroskaröskun (*specific language impairment*) hjá ættleiddum börnum er slæmur hugtakaskilningur. Ástæðan fyrir þessu vandamáli hjá börnunum getur verið skortur á örvun og málfarslegum samskiptum á þeim tíma sem skynjunartengd hugtök (nafnorð og lýsingarorð) áttu að þroskast. Barnið lærði ekki að hugtök hafa undirhugtök, eins og hugtakið „dýr“ hefur mörg undirhugtök eins og „köttur“, „hundur“ og „fiskur“. Við lærum hvaða hugtök eiga saman, eins og „bolli“ og „undirskál“ og einnig tengsl á milli orða eins og „efsta“ og „neðsta“. Talað er um að ættleidd börn „villist“ í stigveldi tungumálaþroskans og velji rangt það sem er innan hugtakamengis og utan þess. Þau átta sig t.d. ekki á að orð á borð við „taska“, „veski“, „ferðataska“ og „poki“ eru allt orð yfir mismunandi geymslur, hvað þá að þau skilji samanburðarlýsingarorð eins og „lágur“ og „lægstur“.

Hamlaður tungumálsskilningur getur líka átt sér stað þegar börnin fara að lesa. Þrátt fyrir að þau séu orðin læs eru til dæmi um að þau geti ekki lesið orð sem þau skilja ekki (Lagergren 2000). Kínversk stúlka á grunnskólaaldri sem var ættleidd til Íslands við 16 mánaða aldur var að lesa í lestrarbók sinni eftir skóla. Á ákveðnum punkti stoppaði hún við lesturinn og bað um að hjálp við að lesa eitt orð. Orðið var *pysja*, en vegna þess að hún skildi ekki merkingu orðsins átti hún í erfiðleikum með að lesa það. Þótt hún væri komin með algjör tök á lestri lenti hún í vandræðum með að lesa bókina og í ljós kom að fjölmörg orð í textanum þekkti hún ekki. Um leið og merking orðanna hafði verið útskýrð fyrir henni gekk lesturinn vel fyrir sig. Þó að íslensk börn skilji ekki allt sem þau lesa virðist það ekki hamla þeim í hljóðlestri þótt hugsanlega bitni það á lesskilningi þeirra. Hugsanlegt er að þessi munur sé vegna skorts á hljóðkerfislegum skilningi ættleiddra barna (Munnleg heimild, Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur október 2009).

Menningarlegur munur tungumála getur valdið ættleiddum börnum misskilningi. Sú reynsla sem þau vantar í þróun hugtakaskilnings og að geta „lesið á milli línanna á nýja“ tungumálinu og fyrri reynsla þeirra á barnaheimilum áður en þau voru ættleidd verður oft til þess að þau skilja orðatiltæki og hugtök á annan hátt. Lítilli indverskri stúlku sem var hjá dagmömmu var sagt frá því að tvö ungbörn myndu bætast við hópinn. Stúlkan brást mjög leið við þessum fréttum en það kom fólki á óvart vegna þess að hún var almennt hrifin af litlum börnum. Í ljós kom að hún hélt að hún ætti að sjá um litlu börnin eins og venjan er í Indlandi en til þess treysti hún sér ekki (Lagergren 2000). Tímahugtök geta vafist fyrir

ættleiddum börnum eins og kom fram í kafla 3.1. og þá einnig skilningur á árstíðaskiptum. Hugtökin ná ekki inn í kjarnann og börnin átta sig ekki á því hvernig þau geta vitað hvaða árstíð er. Spurningu eins og „*Hvenær þroskast epli?*“ gæti ættleiddum börnum þótt erfitt að svara, því það gerist á haustin. Óhlutbundin hugtök og samlíkingar reynast þeim oft erfið. Móðir sem segir við ættleiddan dreng sinn: „*Þetta er alveg eins og sumardagur*“ fær ekki samþykki hans við þeirri samlíkingu ef það er ekki sumar. Litli strákurinn veit að það er haust og segir „*Það er ekki sumar, það er haust*“. Hann á semsé erfitt með að ímynda sér að haustdagurinn sé líkur sumardeg. Orðaleikir sem þessir eru stundum einkennandi fyrir ættleidd börn. Börn sem fædd eru á Íslandi og hafa lært íslensku frá frumbersku taka slíka leiki með tungumálið ekki svo bókstaflega (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:192). Það að leika sér með tungumálið, hverfa frá innihaldi þess og leika sér með málið er stig sem ættleidd börn sleppa í máltökunni. Erfiðleikar við að skilja rím orða eru oft til staðar og þau gætu átt erfitt með að átta sig á því að orð eins og „hattur“ og „brattur“ rími en ekki orðin „hattur“ og „húfa“ (Lagergren 2000). Í bókinni *Óskabörn* eftir Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur er talað um að málþroskafrávik sem oft koma fram hjá ættleiddum börnum tengist ályktunarhæfni þeirra og rökhugsun sem liggur að baki því að „lesa“ í íslenskuna og blæbrigði hennar. Börnin taka oft því sem sagt er við þau mjög bókstaflega. Dæmi var tekið um atvik sem átti sér stað þar sem ættleidd stúlka frá Kína tók því sem sagt var við hana mjög bókstaflega. Eitt sinn var sagt við stúlkuna sem var alveg að sofna í bílstól sínum „*Eru nú augnlokin alveg að detta?*“ Stelpan glaðvaknaði, rykkti höfðinu upp og sagði: „*Nei, nei, þau eru alveg föst!*“ (Sigrún María Kristinsdóttir 2009:192).

Svipuð einkenni og nefnd hafa verið hér að ofan er að sjá hjá börnum sem ekki eru ættleidd og eiga við sértæka málþroskaröskun að stríða. Þau börn sem glíma við sértæka málþroskaröskun og eru komin á skólaaldur tala oft reiprennandi við bekkjarfélaga sína. En ef grannt er skoðað eru setningar þeirra styttri og einfaldari en setningar jafnaldra þeirra. Þessi börn skilja oft illa líkingar, málshætti, orðtök og slangur. Börn með sértæka málþroskaröskun eiga oft mjög erfitt með að lesa á milli línanna og taka oft það sem þau heyra mjög bókstaflega (Þóra Sæunn Úlfssdóttir 2004).

Talið er að þekking á formgerð tungumálsins sé mikilvægur þáttur í lestrar- og skriftarkennslu. Erfitt getur verið að greina vanda ættleiddra barna við máltöku vegna þess að í flestum tilfellum er framburður þeirra fullkominn. Hugtakaskilningur og ófullkominn málskilningur nær því ekki athygli þeirra sem vinna með börn. Börn með ófullkominn framburð og sem eiga í erfiðleikum með málfræði koma oftast til talmeinafræðinga. Málskilningur er að mörgu leyti mikilvægari en þroskun tals, hljóðkerfis og málfræði á fyrsta skeiði málþroskans og er mikilvægt að hafa það í huga þegar hugað er að málþroska ættleiddra barna (Lagergren 2000:3-39).

3.4. Daglegt mál og skólamál

Þó að börn séu ættleidd snemma á máltökuskeiðinu og hafi því betri forsendur til að læra nýja tungumálið þarf það ekki að koma í veg fyrir vandamál í skóla. Langflest ættleidd börn eru við ættleiðingu með mismikla málþroskaseinkun og er stofnanavist ástæðan. Við komuna til landsins koma þau með mismikinn orðaforða og hljóðmyndun úr öðru tungumáli sem þau þurfa að þurrka út og vinna úr nýja tungumálinu. Fylgjast þarf vel með því að íslenskan þeirra verði ekki aðeins góð á yfirborðinu, heldur að þau skilji í raun og veru það sem þau virðast skilja. Ef í ljós kemur að svo er ekki, getur það leitt til vandræða í skóla seinna meir (Ingibjörg Símonardóttir 2007). Móðurmáls-þekkingu ættleiddra barna er oft líkt við ísjaka sem flýtur í hafinu. Fyrst læra ættleidd börn yfirborðsíslenkuna, það sem sést af ísnum og geta orðið mjög fljót að byrja að tala og tjá sig. Undir vatnsyfirborðinu liggur grunnurinn að tungumálinu sem íslenskir jafnaldrar þeirra hafa þróað alveg frá fæðingu en ættleidd börn missa af (Ingibjörg Símonardóttir 2006).

Monica Dalen (2003) skiptir málþroska og málskilningi ættleiddra barna í tvo hluta. Hún talar um skilning á „daglegu máli“, en það er sá hluti málsins sem notaður er í daglegum samskiptum við fólk og síðan er það hið svokallaða „skólamál“ sem er formlegri málnotkun. Tjáningin er þá ekki á milli tveggja einstaklinga heldur byggist hún á tali kennarans yfir heilan bekk eða í skrifuðu máli. Erfiðleikar ættleiddra barna með skólamál koma ekki í ljós fyrr en þau byrja í skóla og getur góð færni þeirra í daglegu máli komið í veg fyrir að fólk átti sig á því hvers vegna þau dragast aftur úr í námi. Þessi skortur á færni í skólamáli getur ekki aðeins haft áhrif á velgengni þeirra í tungumálanámi heldur einnig í stærðfræði.

Börnin ná þá ekki skilningi á hinni óhlutbundnu formgerð tungumálsins en það er undirstaða skilnings þeirra á hinni stærðfræðilegu rökfræði.

Einnig eru atriði sem vert er að hafa í huga við upphaf skólagöngu ættleiddra barna sem tengjast þörf þeirra fyrir sífellt öryggi. Fyrri reynsla barnanna hefur oft þau áhrif að þau eru sífellt að reyna að ná sambandi við annað fólk. Reynsla þeirra af barnaheimilinu þar sem fáir umönnunaraðilar sjá um daglegar þarfir þeirra verður oft til þess að þau hafa góða yfirsýn yfir það sem aðrir bekkjarfélagar eru að gera og hverjir eru í mættir í skólann á hverjum degi og hverjir ekki. Það er þeim mjög mikilvægt að þau finni til öryggis kennarans og að hann hafi stjórn á aðstæðum. Fyrri reynsla ættleiddra barna verður oft til þess að kvíða- og hræðsluþröskuldur þeirra er hærri en annarra barna og þau geta verið óróleg í bekknum. Þegar aðstæður í bekknum verða barninu erfiðar er mjög mikilvægt að kennarinn finni leiðir til þess að það geti tekist á við vandamálið og verið áfram í kennslustofunni. Ruggustóll í bekkjarstofunni gæti slegið á óróann í barninu eða þá að barnið nái sér í glas af vatni og komi svo aftur. Skólar hafa ekki ákveðna stefnu varðandi þennan hóp barna en mjög mikilvægt er fyrir barnið að það nái góðum tengslum við bekkjarkennarann. Í Svíþjóð er fordæmi fyrir fræðslu í skólum um ættleidd börn. Gefinn er út bæklingur sem dreift er til skóla við skólabyrjun með upplýsingum sem varða þarfir ættleiddra barna (Dalen 2003).

Mjög mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk leikskólanna séu meðvitaðir um að skynja og örva grunnorðaförða barnanna. Oft getur verið erfitt að kaupa bækur við hæfi fyrir ættleidd börn fyrst eftir að þau koma heim. Foreldrar eru því hvattir til að nýta sér bókasafnið og fá lánaðar bækur sem hæfa barninu og aldri þess.

Hér á eftir verður bent á einföld atriði sem foreldrar ættu að tileinka sér fyrstu árin á meðan barnið er að ná tökum á nýja móðurmálinu. Til að byrja með er gott að tala við barnið eins og það sé á eins orðs stiginu. Nota skal látbragð og myndir til að festa orð og athafnir í huga barnsins og gefa sér tíma til að stoppa og útskýra orðin fyrir barninu sem það notar í tali. Eins og áður hefur verið nefnt skilja erlend ættleidd börn oft bókstaflega sem sagt er við þau, lengur en þau sem fæðast í landinu. Nauðsynlegt er að vera í augnhæð við barnið þegar talað er við það og mikilvægt er að tala hægt og skýrt og jafnvel ýkja munnhreyfingar. Nauðsynlegt er að eiga rólega stund með barninu, tala um það sem er í kringum það og lesa fyrir það stutta sögu með myndum. Gott er að leyfa barninu að hjálpa til við algeng störf

á heimilinu og setja orð á þá vinnu og auka þannig orðaforða þess. Mjög nauðsynlegt er að tala mikið við barnið frá upphafi og kenna því að meta hljóm tungumálsins. Blæbrigði íslenskunnar geta verið ólík móðurmáli barnsins og gott er að hafa fyrra málumhverfi barnsins í huga, til að mynda hávært tal Ítala og hljóðlátt tal Kínverja. Foreldrar eiga stóran þátt í því hvernig barninu gengur að tileinka sér nýja móðurmálið og ef foreldra grunar að barnið þurfi á aðstoð að halda á aldrei að hika við að leita til talmeinafræðinga eða lækna. Það sem skiptir mestu máli er að sýna gott fordæmi og vanda tal sitt (Ingibjörg Símonardóttir 2006).

4.0. Rannsókn á ættleiddum börnum á Íslandi og börnum fæddum á Íslandi

Þegar höfundur kynnti sér rannsóknir sem gerðar hafa verið á börnum ættleiddum til Evrópu eða Bandaríkjanna frá mismunandi löndum kviknaði hugmynd að rannsókninni. Niðurstöður þeirra rannsókna sýndu ávallt að ættleidd börn voru á eftir jafnöldrum sínum í nýju heimalandi þegar próf voru lögð fyrir þau til að kanna málþroska þeirra. Þar sem engin íslensk samanburðarrannsókn hafði verið gerð á málþroska ættleiddra barna sem koma til Íslands og íslenskum börnum ákvað höfundur að láta verða af því að kanna hvort að sömu niðurstöður fengjust hér á landi eins og annars staðar. Rannsóknin sem gerð var er samanburður á niðurstöðum kínverskna stúlkna sem ættleiddar hafa verið til Íslands og íslenskra stúlkna úr EFI-málþroskaskimun. Stúlkurnar voru allar 40 mánaða gamlar við prófun og ættleiddu stúlkurnar voru ættleiddar til landsins á aldrinum 15-18 mánaða.

Fyrri rannsóknarspurningin var sú hvort aldur ættleiddra barna við ættleiðingu hefði áhrif á málþroska þeirra. Seinni rannsóknarspurningin var hvort niðurstöður þessarar rannsóknar samræmdust niðurstöðum bandaríska talmeinafræðingsins Sharon Glennen (sjá kafla 3.2.) úr rannsókn sem hún gerði á ættleiddum börnum og aldri þeirra við ættleiðingu. Niðurstöður samanburðarrannsóknarinnar voru í stuttu máli þær að aldur stúlkna við ættleiðingu virðist hafa áhrif á velgengni þeirra í máltöku en ein stúlkan mældist með slakari skilning en hinar og samkvæmt rannsóknnum Glennen (2004) falla niðurstöður ættleiddu stúlkanna að hennar niðurstöðum fyrir utan þessa einu stúlku sem mælist með slakan málskilning.

4.1. Gögn til grundvallar

EFI-málþroskaskimun er greiningartæki sem byggist á stöðluðum rannóknar-niðurstöðum. Það var hugsað í upphafi til að efla samstarf á milli heilsugæslu, leikskóla og annarra greiningaraðila. Tilgangur skimunarinnar er að kanna málskilning og tjáningarfærni hjá börnum við 40 mánaða aldur. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum og tengjast myndirnar tíu verkefnum með mismörgum atriðum. EFI-málþroskaskimunin hefur verið notuð á heilsugæslustöðvum og leggur læknir eða hjúkrunarfræðingur hana fyrir barnið. EFI-málþroskaskimuninni er ætlað að finna börn með alvarleg frávík í málþroska svo hægt sé að hefja viðeigandi örvun og úrræði. Foreldrar fá einnig hugmynd um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra og hvað þurfi að bæta ef við á.

Við mat á áreiðanleika prófsins verður að hafa í huga að engar prófaniðurstöður eru fullkomlega áreiðanlegar og þegar prófið er lagt oftar en einu sinni fyrir barn er ólíklegt að nákvæmlega sama niðurstaða fáiast. Aftur á móti eru líkur á því að tölurnar lendi innan ákveðins talnabils og úr því má lesa hvort niðurstöður séu viðunandi eða ekki. Réttmæti vísar til þess hvort ákveðið próf sé mælikvarði á þá færni sem því er ætlað að mæla og er réttmæti og áreiðanleiki EFI-málþroskaskimunarinnar talið viðunandi. Prófið skiptist þannig að 21 atriði kannar málskilning og 18 atriði kanna tjáningu og er notast við spurningar og myndir til að prófa þessi atriði. Árangur barnsins er skráður beint á skráningarblað og strax að lokinni athugun er hægt að sjá hvar barnið stendur í málþroska miðað við jafnaldra sína. Prófið tekur um 10 mínútur en ýmislegt getur haft áhrif á próftímann eins og samstarfsvilji barnsins og leikni þess sem að leggur prófið fyrir. Þegar börn hafa náð þriggja og hálfis árs aldri eru þau flest farin að geta tjáð sig skiljanlega við ókunnuga í 3-5 orða setningum og um 70% þeirra eru komin með skýran framburð. Þau „lesa“ myndir og svara einföldum spurningum. Málþroski barna á þessum aldri getur hins vegar verið misjafn, án þess að um varanleg frávík sé að ræða (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Þórðarson og Ingibjörg Símonardóttir 1999).

4.2. Niðurstöður á EFI: Samanburður ættleiddra stúlkna erlendis frá við jafnaldra sína fædda og uppalda á Íslandi

EFI-prófið prófar máltjáningu og málskilning en það prófar ekki heyrnræna úrvinnslu (Elmar Þórðarson og fleiri 1999). Ættleidd börn eiga stundum í erfiðleikum með heyrnræna úrvinnslu og segir ytri bygging málsins, máltjáningin, ekki fullkomlega til um vald barnsins á tungumálinu (Lagergren 2000:3-39). Á prófinu er búist við því að 14% barnanna mælist slök á málskilningi, 11% með mjög slakan málskilning og 75% með viðunandi skilning (Elmar Þórðarson og fleiri 1999). Bornar voru saman niðurstöður EFI-prófsins fyrir tilraunahóp en í honum voru þrjár stúlkur frá Kína og samanburðarhóp sem í voru þrjár stúlkur fæddar á Íslandi og aldar upp frá fæðingu hjá íslenskum foreldrum. Ástæðan fyrir vali á sniði úrtaksins var hentugleika háð.

Í töflu 1 má sjá samanburð tveggja stúlkna. Stúlka A var ættleidd 15 mánaða og stúlka B er íslensk. Aldur stúlku A þegar hún tók EFI-prófið var 43.5 mánaða og aldur stúlku B var 43 mánaða.

Tafla 1. Niðurstöður tveggja stúlkna á EFI-málþroskaþrófinu.

	Skilningur	Tjáning
StúlkaA (ættleidd)	18	26
StúlkaB (íslensk)	20	27

Ættleidda stúlkna mælist lægri á prófinu bæði í skilningi og tjáningu. Stúlkurnar eru jafnaldrar og munar einum degi á þeim í aldri, en þær eru nú 7 ára.

Í töflu 2 má sjá samanburð tveggja stúlkna sem báðar eru fæddar sama dag í nóvember. Aldur stúlku C við ættleiðingu var 18 mánaða. Aldur stúlkanna við EFI-prófun var 42 mánaða.

Tafla 2. Niðurstöður tveggja stúlkna á EFI-málþroskaþrófinu

	Skilningur	Tjáning
Stúlka C (ættleidd)	18	27
Stúlka D (íslensk)	20	28

Ættleidda stúlkan mælist aðeins lægri á EFI prófinu í skilningi og tjáningu. Stúlkurnar eru nú 7 ára .

Í tölu 3 má sjá samanburð tveggja stúlkna. Sex daga munur er á þeim í aldri, en sú ættleidda er 6 dögum eldri en sú íslenska. Aldur stúlku E við ættleiðingu var 17,5 mánaða. Aldur stúlku E við EFI-prófun var 43 mánaða og aldur stúlku F við EFI-prófun var 42 mánaða.

Tafla 3. Niðurstöður tveggja stúlkna á EFI-málþroskaprófinu.

	Skilningur	Tjáning
Stúlka E (ættleidd)	12	23
Stúlka F (íslensk)	20	26

Ættleidda stúlkan mælist marktækt lægri á EFI prófinu í skilningi og tjáningu. Stúlkurnar eru nú 6 ára .

Ættleiddu stúlkurnar fyrir utan stúlku E mælast með góðan skilning á málþroskaprófinu og allar stúlkurnar mælast með viðunandi máltjáningu. Í öllum tilfellum eru samanburðarbörnin með ívið hærra niðurstöður úr prófinu en börnin sem ættleidd eru erlendis frá. Munurinn er hins vegar ekki mikill og ekkert til að hafa áhyggjur af nema kannski í einu tilfelli þar sem skilningur stúlku E var aðeins 12 stig en það bendir til þess að hún sé slök í málskilningi. Á prófinu er búist við að 14% börn mælist slök í málskilningi og fellur stúlka E í þann hóp.

Meðalaldur stúlkanna við komu til landsins er 16,6 mánaða og hefur samanburðarhópurinn því máltökuforskot upp á 16,6 mánuði sem er töluverður tími. Ættleiddu stúlkurnar hafa verið á landinu í um 26 mánuði og samkvæmt rannsóknum Glennen (2004) falla niðurstöður EFI-prófsins á ættleiddu stúlkunum að hennar niðurstöðum fyrir utan stúlku E sem náð hefur 40 mánaða aldri þegar prófið fer fram en mælist slök í málskilningi. Sú stúlka nær ekki öllum viðmiðum. Það er mikilvægt að bera ættleidd börn á Íslandi saman við íslensk börn, því ef að viðmiðum er ekki náð gætu þau ættleiddu átt við einhverskonar málþroskaröskun að stríða sem mikilvægt er að grípa inn í sem fyrst. Foreldrar barna úr rannsókn Glennen segja börn sín sem ættleidd eru á aldrinum þrettán til átján mánaða frá Austur-Evrópu til Bandaríkjanna ekki ná aldursvarandi viðmiðum bandarískra

barna fyrr en á aldrinum 37 til 40 mánaða. Sum barnanna eru jafnvel aðeins fyrir neðan bandarísku börnin í málþroska. Við þriggja ára aldur ættu börnin að hafa náð bandarískum börnum í málþroska að því leyti að hægt væri að nota próf sem eiga við enskumælandi börn, en líklega mælast þau alltaf eitthvað lægri í málþroska. Það sem einkennir málþroska barna sem ættleidd eru á aldrinum 13 til 18 mánaða eins og kínversku stúlkurnar í EFI-prófinu er hversu fljót þau eru að læra málið við komuna til landsins (Glennen 2004).

5.0. Umræða

Ættleiddu stúlkurnar í rannsókninni komu til landsins fyrir 20 mánaða aldur. Eins og talað var um í kafla 3.0. þá hafa rannsóknir sýnt að börn sem ættleidd eru fyrir 20 mánaða aldur og búa við góðan líkamlegan þroska að eiga í litlum vandræðum með máltöku nýja tungumálsins. Hins vegar eins og talað var um í sama kafla sýna niðurstöður norskrar rannsóknar að aðstæður barna fyrir ættleiðingu séu áhrifameiri ef þær eru slæmar heldur en aldur við ættleiðingu. Kínversku stúlkurnar í samanburðarrannsókninni voru ættleiddar við 15-18 mánaða aldur og þá eru íslenskir jafnaldrar þeirra jafnvel farin að mynda ýmis orð og tengja þau við umhverfi sitt. Samkvæmt rannsóknunum Glennen í kafla 3.2. er talað um að börn sem ættleidd eru fyrir 12 mánaða aldur ættu að byrja að segja fyrstu orðin á svipuðum aldri og börn sem ekki eru ættleidd en börn ættleidd á árunum 13-18 mánaða ná jafnöldrum sínum sem ekki eru ættleidd við þriggja ára aldur (Ingibjörg Símonardóttir 2006).

Áhugavert væri að gera langtímarannsókn á málþroska ættleiddra barna og auka fjölda barna í tilrauna- og samanburðarhópum. Með því að skipta börnum upp í hópa eftir aldri við ættleiðingu væri hægt að kanna áhrif aldurs á máltöku þeirra. Þar sem sértæk málþroskaröskun er vandi sem erfitt er að finna væri mikilvægt að kanna máltöku ættleiddra barna markvissara og á skipulagðan hátt. Þar með væri jafnvel hægt að koma í veg fyrir síðari lestrarvanda þeirra og erfiðleika í stærðfræði. Ekki hefur verið gert mikið af því á Íslandi að rannsaka máltöku ættleiddra barna frá fyrstu mánuðunum á Íslandi og alveg til skólaaldurs. Ef lagt væri í langtímarannsókn væri hægt að bera þær niðurstöður saman við niðurstöður erlendra rannsókna og athuga hvort máltaka og námsárangursfærni ættleiddra barna sé svipuð um allan heim.

6.0. Lokaorð

Markmið þessarar ritgerðar og rannsóknar var að skoða mun hefðbundinnar máltöku barna og máltöku ættleiddra barna. Til þess að komast að því hvar ættleidd börn standa í máltöku er hægt að bera þau saman við önnur börn á sama aldri. Ættleidd börn eru hins vegar fjölbreyttur hópur á mismunandi aldri og því þarf að huga að ýmsu í slíkum samanburði. Hafa verður í huga aldur þeirra við ættleiðingu og hversu lengi þau hafa dvalið hjá kjörfjölskyldum sínum til þess að átta sig á því hvar þau standa í máltöku nýs tungumáls.

Þó svo að máltöku ættleiddra barna svipi mikið til hefðbundinnar máltöku verður að taka tillit til vissra atriða fyrstu mánuði þeirra í nýju heimalandi. Sum börn þegja í einhvern tíma áður en þau treysta sér til að byrja að tala en nokkrum mánuðum seinna eru flest börn þó farin að segja fyrstu orðin. Það tekur þau ekki eins langan tíma að læra fyrstu orðin og það tekur ungbörn í hefðbundinni máltöku, þar sem börn byrja á því að læra eitt og eitt orð og aðeins fá orð á viku, heldur fjölgar nokkuð hratt í orðaforða þeirra enda eru þau eldri þegar þau hefja máltöku nýs móðurmáls.

Frávik í málþroska ættleiddra barna á nýju móðurmáli eru ekki endilega bundin við framburð eða tjáningu. Í flestum tilfellum gengur þeim mjög vel að tjá sig og framburður þeirra er góður. Vandamál ættleiddra barna í máltöku eru frekar bundin við það sem liggur undir yfirborði tungumálsins. Skilningur á orðatiltækjum og tímahugtök eru dæmi um vanda sem þau geta átt í og þau eiga það til að taka leik með tungumálið mjög bókstaflega. Einnig geta þau átt erfitt með að skilja samlíkingar. Þegar þau eru byrjuð að ganga í skóla eiga mörg hver í vandræðum með að skilja hugtök stærðfræðinnar sem veldur því að þau geta átt erfitt með stærðfræði. Ekki veit höfundur til þess að skólar fylgist sérstaklega með ættleiddum börnum við upphaf skólagöngu nema að foreldrar bendi kennurum á það.

Margt þarf að hafa í huga þegar ættleitt barn byrjar í skóla en hér á landi hafa ekki verið gefnir út bæklingar með upplýsingum fyrir kennara við upphaf skólagöngu þar sem tekið er fram það sem hafa þarf í huga þegar kemur að þessum hópi. Mjög mikilvægt er að börnin finni til öryggis hjá kennara og að þau viti hvernig skóladagurinn gengur fyrir sig. Höfundur veit til þess að móðir ættleidds

drengs hefur miklar áhyggjur af litlum skilningi kennara hans á sérþörfum hans. Ef ættleidd börn finna til óöryggis kennara eða að sérþarfir þeirra eru ekki virtar getur það haft áhrif á líðan þeirra í skóla.

Ein af áherslum höfundar var að gera samanburðarrannsókn á hefðbundinni máltöku íslenskra barna og máltöku ættleiddra erlendra barna á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar samræmdust niðurstöðum erlendrar rannsóknar sem talmeina-fræðingurinn Glennen gerði. Stúlkurnar sem ættleiddar voru til Íslands voru 13-18 mánaða við ættleiðingu og ættu því að hafa náð aldursvarandi viðmiðum jafnaldra sinna við þriggja ára aldur sem þær gerðu nema ein stúlkan sem mældist með slakan málskilning. Þar sem efnið vekur áhuga höfundar vonar hann að honum gefist tækifæri seinna til að rannsaka betur málþroskaferli ættleiddra barna á Íslandi og að hægt verði að stækka fjölda úrtaka í svipaðri rannsókn. Þá væri hægt að afla heimilda um málþroska ættleiddra barna erlendis og gera svipaða rannsókn hér á landi.

Heimildaskrá

Benedikt Jóhannesson, Indriði Gíslason og Sigurður Konráðsson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjögra og sex ára aldur*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Bloom, Lois. 1991. *Language development from two to three*. University of Cambridge.

Boysson-Bardies, Bénédicte de. 1999. *How language comes to children*. Malcolm DeBevoise þýddi. Massachusetts Institute of Technology, Cambridge.

Dalen, Monica. 1999. *The Status of knowledge of foreign adoption*, bls. 25. Department of Special Needs Education, Faculty of Education. University of Oslo, Osló.

Dalen, Monica. 2003, apríl. Hvernig reiðir ættleiddum börnum af í lífinu. (Sótt 3.nóvember 2009). Netsíða:
http://aettleiding.vefir.net/index2.php?option=com_content&task=view&id=96

Dole, Kathryn og Johnson, Dana E. 1999. International Adoptions: Implications for Early Intervention. *Infant and Young Children*. Bls. 34-45. 11(4) (Sótt 3.janúar 2010) Netsíða:
http://journals.lww.com/iycjournal/Abstract/1999/04000/International_Adoptions_Implications_for_Early.8.aspx .

Dyer, Laura. 2004. *Look Who's Talking! How to Enhance Your Child's Language Development, Starting at Birth*. Meadowbrook Press, New York.

Elín Þöll Þórðardóttir. 1998. *Orðaskil*. Málþroskapróf. Framsaga, Reykjavík.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Þórðarson og Ingibjörg Símonardóttir. 1999. *EFI Málþroskaskimun fyrir 31/2 árs börn*. Landlæknisembættið, Reykjavík.

Fernald, Anne. 1985. Four-month-old infants prefer to listen to motherese. (Sótt 27.janúar 2010) Netsíða:
<http://www-psych.stanford.edu/~babylab/pdfs/Fernald%201985.pdf.htm>

Fletcher, Paul og Brian MacWhinney. 1996. *The Handbook of Child language*. Blackwell, Oxford.

Gass, M. og Selinker, L. 2001. *Second language acquisition*, bls.92-93. Lawrence Erlbaum Associates, Inc., Publishers. Mahwah, New Jersey.

Gindis, Boris. 2004. Language Development In Internationally Adopted Children. A newsletter for New England Families who have adopted children from China. Bls. 34-37. 10(2) (Sótt 13.febrúar 2010). Netsíða:
<http://www.bgcenter.com/LanguageDevelopment.htm>

Gleason, Jean Berko. 2005. *The development of language*. Pearsons/ Allyn and Bacon, Boston.

Glennen, Sharon. 2002. Orphanage care. (Sótt 8.nóvember 2009) Netsíða: <http://www.adopting.org/uni/frame.php?url=http://pages.towson.edu/sqlennen/index.htm>

Glennen, Sharon. 2004. How does Orphan Care Affect Language. (Sótt 24.október 2009) Netsíða: <http://www.adopting.org/uni/frame.php?url=http://pages.towson.edu/sqlennen/index.htm>

Goodluck, Helen. 1991. *Language Acquisition*. A linguistic introduction. Blackwell, Cambridge.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. *Sálfræðibókin*, bls.28-31. Ritstj. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári. Mál og menning, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1993. *Handbók um íslenskan framburð*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík 2000 (2.útgáfa).

Ingibjörg Símonardóttir. 2006. Ættleidd börn og máltaka á nýja tungumálinu. (Sótt 14.október 2009). Netsíða: <http://www.isadopt.is/index.php?p=pas>.

Ingibjörg Símonardóttir. 2007. Svo læra börn málið. Um málprosa ættleiddra barna. *Talfræðingurinn*. 18(1):14-16.

Justice, Laura M. og Khlara L. Pence. 2008. *Language development from theory to practice*:31-33. Edwards Brothers, New Jersey.

Lagergren, Christina. 2000. *Svo læra börnin málið*. Ingibjörg Símonardóttir þýddi (2010). Íslensk ættleiðing, Reykjavík.

Meacham, N. Anissa. 2006. Language learning and the Internationally Adopted Child. Bls. 73-79. *Early Childhood Education Journal*. 34(1). Springer Netherlands. (Sótt 2.janúar 2010) Netsíða: <http://www.springerlink.com/content/r424034832w50234/>

Minifie, Fred D. 1994. *Introduction to Communication Sciences and Disorders*. Singular Publishing Group. San Diego, California.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2000. Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi*, 13(3):30-33.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2001. Máltaka barna. Ritstj. Heimir Pálsson og Þórunn Blöndal, *Alfræði íslenskar tungu*. Lýðveldissjóður/Námsháskólanastofnun, Reykjavík. {Margmiðlunardiskur}

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. Hljóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn*, 16 (1):6-10.

Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. *Setningar*. Handbók um setningafræði, bls.636-655. Íslensk tunga III. Ritstj. Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigrún María Kristinsdóttir. 2009. *Óskabörn. Ættleiðingar á Íslandi*. Salka, Reykjavík.

Sigurður Konráðsson. 2000. Orðaforði. *Lestrarbókin okkar- greinasafn um lestur og læsi*, bls. 151-170. Ritstj. Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristinsson, Heimir Pálsson, Ingibjörg B. Frímansdóttir. Íslenska lestrarfélagið, Reykjavík.

Þóra Másdóttir. 2008. *Phonological development and disorder in Icelandic-speaking children*. Newcastle University. Háskólaprent, Reykjavík.

Þóra Sæunn Úlfadóttir. 2004. Sérþækar málþroskaraskanir barna á skólaaldri. *Talfræðingurinn* 18(1):22-23.

Xing, Tony og Yang, Yi. 2005. Language development of Chinese adoptees 18-35 months old. Bls. 57-68. *Early Childhood Research Quarterly* 20. (Sótt 25 janúar 2010). Netsíða: <http://www.sciencedirect.com>

